# Ný skipan ákæruvalds

Kynning fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda 26. nóvember 2015

Heiða Björg Pálmadóttir

# Nýsamþykktar lagabreytingar

- Breytingar á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum
  - Frumvarpið samið á vegum réttarfarsnefndar
- Nýtt embætti héraðssaksóknara
  - Tekur til starfa 1. janúar 2016
  - Mun taka við verkefnum frá ríkissaksóknara, embætti sérstaks saksóknara, ríkislögreglustjóra og öðrum lögregluembættum
- Embætti sérstaks saksóknara lagt niður

# Hvers vegna héraðssaksóknari?

- Mikilvægt að hægt væri að kæra ákvörðun um að fella mál niður eða falla frá saksókn til æðri ákæruvaldshafa
- Verið að fjölga ákæruvaldsstigunum úr einu í tvö

# Hvað kallaði á endurskoðun?

- Nauðsyn á að endurskoða verkefni embættis ríkissaksóknara
  - gera embættinu kleift að sinna eftirlits- og samræmingarhlutverki
  - Enginn kostur á málskoti í málum sem ríkissaksóknari fermeð ákæruvald í
- Fækkun og styrking lögreglustjóraembætta tilefni til að færa ákæruvald í meira mæli til lögreglustjóra
- Breyta þurfti fyrirkomulagi vegna refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglu og brota gegn valdstjórninni

# Helstu lagabreytingar

- Ákvörðun um málshöfðun flyst að mestu frá embætti ríkissaksóknara til lögreglustjóra og héraðssaksóknara
- Ríkissaksóknara falið að hafa íhlutun og eftirlit með rannsókn og saksókn
- Ákvörðunum lögreglustjóra verður skotið beint til ríkissaksóknara

# Verkefni héraðssaksóknara

- Ákvörðun um málshöfðun í flestum málum
- Rannsókn á brotum starfsmanna lögreglu Rannsókn á brotum gegn valdstjórninni
- Móttaka tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Endurheimt og upptöku ólögmæts ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi

# Ný skipan ákæruvalds

- Ákæruvaldið er á tveimur ákæruvaldsstigum
- Ríkissaksóknari æðsti handhafi ákæruvalds
  - Lögreglustjórar og héraðssaksóknari fara með ákæruvald á lægra ákæruvaldsstigi

# Verkefni ríkissaksóknara

- Eftirlitshlutverk ríkissaksóknara elft
- Meðferð áfrýjunarmála
- Meðferð kærumála vegna ákvarðana lægra settra ákæruvaldshafa
- Almenn stefnumótun um ákæruvaldsmálefni
- Útgáfa fyrirmæla
- Eftirlit með rannsóknum sakamála, meðferð ákæruvalds í landinu
- Ákvarðanir sem héraðssaksóknari og lögregluembætti taka kæranlegar til ríkissaksóknara

# Hlutverk ríkissaksóknara

1. Höfðar sakamál ef brot varðar X. kafla almennra hegningarlaga (landráð) og önnur mál þar sem ráðherra tekur ákvörðun um saksókn
2. Tekur ákvörðun um áfrýjun til Hæstaréttar og annast flutning mála þar
3. Eftirlitshlutverk með rannsóknum og saksókn eflt

# Hlutverk ríkissaksóknara

4. Ákvarðanir lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn kæranlegar til ríkissaksóknara
5. Getur ákveðið hvaða lögreglustjóri eða héraðssaksóknari skuli rannsaka og eftir atvikum höfða mál vegna tiltekins brots
6. Sker úr álitaefnum sem upp koma milli lögreglustjóra og héraðssaksóknara um valdmörk varðandi rannsókn, saksókn og önnur atriði

# Hlutverk héraðssaksóknara

- Fer með ákæruvald á lægra ákæruvaldsstigi vegna flestra þeirra brota sem ríkissaksóknari fór áður með ákæruvald í
  - Fer jafnframt með saksókn alvarlegra skatta- og efnahagsbrota, brota gegn valdstjórninni og brota starfsmanna lögreglu

# Hlutverk lögreglustjóra

- Höfða sakamál vegna allra þeirra brota sem þeir hafa gert frá árinu 2009, að auki vegna brota gegn:
  - 148. gr. hgl., ef brot tengist broti þar sem þeir höfða mál (rangar sakargiftir),
  - 206. gr. hgl. (vændi),
  - 210. gr. a hgl. (barnaklám),
  - 219. gr. hgl. (meiriháttar líkamsárás eða líkamsárás m. alvarl. afleiðingum sem valdið er af gáleysi),
  - XXV. kafla almennra hegningarlaga (ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs) og
  - Tiltekin brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga (ákveðin auðgunarbrot)